

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Ný útlán

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun nýrra útlána og birta samantekt á upplýsingum á þeim. Gögnin eru einnig notuð til almennrar hagskýrslugerðar. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

Heimildir

Ný útlán eru unnin upp úr mánaðarlegum skýrslum frá bönkum og sparisjóðum.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [32. gr. Laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#). Í samræmi við 41. gr. laganna hefur Seðlabankinn heimild að eiga upplýsingaskipti við opinbera aðila um atriði sem löggin taka til þegar upplýsingaskiptin eru í samræmi við lögmælt hlutverk Seðlabankans eða móttakanda.

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Útlán

Fjáreignir með föstum og útreiknanlegum greiðslum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Miðað er við stöðu afgreiddra lána með áföllnum vöxtum og verðbótum (ef um þær er að ræða) í lok síðasta dags mánaðar. Útlán skulu miðast við kröfuvirði útlána (e. claim value), þ.e. ekki skal draga frá afföll eða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar á afskriftarreikning. Útlánnum er skipt í 4 flokka: Óverðtryggð útlán, verðtryggð útlán, útlán í erlendum gjaldmiðlum og eignaleigusamningar.

- Óverðtryggð útlán: Útlán í íslenskum krónum án tengingar við opinberar vísitölur.
- Verðtryggð útlán: Útlán í íslenskum krónum sem tengd eru opinberum vísitölum s.s. vísitölu neysluverðs.
- Útlán í erlendum gjaldmiðlum.
- Eignaleigusamningar: Útlán vegna eignaleigu/fjármögnunarleigu/kaupleigu.

Ný útlán afgreidd í mánuði

Byggir á reglugerð Evrópska Seðlabankans (ECB) nr. 63/2002 er varðar vaxtatölfræði vegna innlána og útlána til heimila og fyrirtækja. Samkvæmt reglugerðinni telst útlán nýtt útlán ef gert er (nýtt) samkomulag milli lánataka og lánveitanda en hér undir falla:

1. Allir lánasamningar, skilmálar og skilyrði sem tilgreina í fyrsta skipti útlánavexti.
2. Öll lán þar sem lántaki og lánveitandi semja sameiginlega um nýja/breytta skilmála/skilyrði lánasamnings.

Innlend útlán

Öll útlán innlánsstofnana til innlendra aðila í hvaða formi sem þau eru.

Erlend útlán

Útlán til erlendra aðila.

Uppgreiðslur lána

Uppgreiðslur lána í viðkomandi mánuði. Ekki uppsafnað. Hér eru umframgreiðslur, þ.e. greiðslur umfram það sem getið er um í lánasamningi. Uppgreiðslur skulu miðast við kröfuvirði útlána (e. claim value), þ.e. ekki skal draga frá afföll eða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar á afskriftarreikning. Miðað er við stöðu uppgreiddra lána með áföllnum vöxtum og verðbótum. Uppgreiðsla á sér stað ef kröfuvirði lánasamnings lækkar umfram eðlilegar greiðslur samkvæmt lánasamningi og án þess að til afskriftar hafi komið. Jafnframt, ef láni er breytt þannig að það teljist sem nýtt lán, skal skrá sambærilega uppgreiðslu á móti nýja láninu ef engin breyting verður á nettó fjárstreymi.

Innlendur aðili

Innlendur aðili er skilgreindur í [lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992](#) og merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn til erlendra aðila. Innlendir aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmætan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

Erlendur aðili

Allir aðrir en innlendir aðilar, sbr. ofangreinda skilgreiningu á innlendum aðila skv. skilgreiningu [laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992](#).

Heimili

Öll útlán á kennitölu einstaklinga sem eru með lögheimili á Íslandi.

Fyrirtæki

Til fyrirtækja teljast lögaðilar á Íslandi sem stunda atvinnustarfsemi hér á landi, þó ekki ríkisstofnanir, sveitarfélög eða stofnanir á vegum þeirra. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru með rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4 í fyrirtækjaskrá RSK. Erlend fyrirtæki flokkast sem erlendir aðilar.

3. Áreiðanleiki gagna

Mánaðarlegu yfirliti skila innlánsstofnanir. Skýrslurnar innihalda flokkanir á útlánum og eignarleigusamningum skv. bókhaldi þeirra auk þess sem þau eru atvinnugreinaflokkuð í samræmi við flokkun í fyrirtækjaskrá RSK.

4. Endurskoðun gagna

Tölur eru ekki sérstaklega endurskoðaðar nema vegna leiðréttinga á aðsendum gögnum.

5. Birting

Birting gagna fyrir ný útlán er á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði og miðast tölur við stöðu í lok mánaðar. Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá janúar 2013.